



Alþingi
Erindi nr. P/130/2004
komudagur 8.5.2004

Nefndasviði, 6. maí 2004.


Félagsmálanefnd Alþingis,
hr. Hjálmar Árnason formaður.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn allsherjarnefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Nefndin bendir á að þótt einstök ráðuneyti verði ábyrg fyrir framkvæmd tiltekinna verkefna samkvæmt áætluninni eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag var því ákveðið að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er ekki samþykk álit þessu.

F.h. allsherjarnefndar Alþingis


Sigrún Brynja Einarsson
nefndaritari

ALLSHERJARNEFND



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/2393
komudagur 10. 5. 2004

Reykjavík 8. maí 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.

Þingsályktunin er til uppfyllingar á 9. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar segir:

9. gr. Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisstofu. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti. Samhliða framlagningu tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum og endurskoðun hennar tveimur árum síðar skal félagsmálaráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Samhliða tillögunni að þingsályktun hefur félagsmálaráðherra lagt fram skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004.

Nokkrar ábendingar

Í upphafi vill Alþýðusamband Ísland benda á að full ástæða er til að efna til umræðu um gagnsemi jafnréttisáætlana af því tagi sem lagt er upp með einu sinni en áður en lengra er haldið. Hverju hafa slíkar áætlanir skilað fram að þessu, og hvað má læra af reynslunni? Hverjir eru styrkleikar og veikleikar þeirrar aðferðafræði sem byggt er á? Hversu mikil raunveruleg skuldbinding er að baki áætluninni af hálfu Alþingis og stjórnvalda? Þetta eru aðeins dæmi um spurningar sem vakna í tengslum við þessa jafnréttisáætlun og rétt væri að leita svara við. Mikilvægt væri að fá til samræðunnar þá aðila sem málið varðar, s.s. fræðimenn og rannsóknarstofnanir, aðila vinnumarkaðarins, jafnréttisfulltrúa ráðuneyta og sveitarfélaga, stjórnámamenn, samtök sem vinna að jafnrétti kynjanna o.fl. Í þessu sambandi skiptir engu þótt að þessu sinni sé farin nokkuð önnur leið við gerð áætlunarinnar en áður og reynt að gera hana að einhverju leyti markvissari.

Hvað varðar þá áætlun sem nú liggur fyrir skal eftirfarandi tekið fram:

Alþýðusamband Íslands tekur undir mikilvægi þeirra stefnumarkandi áherslusviða sem sett eru fram í tillögunni. Þar skiptir mestu áherslan á samþættingu og á fræðslu um jafnréttismál.

Hins vegar má draga í efa að sú aðferð sem valin er sé sú sem líklegust er til að skila mestum árangri. Ef tekið er dæmi af þeim þætti er varðar jafnrétti á vinnumarkaði sérstaklega má sérstaklega benda á að ekki er gert ráð fyrir neinni beinni aðkomu aðila vinnumarkaðarins eða ábyrgð í þeim verkefnum sem lagt er til að unnið verði að. Þetta verður að teljast miður, enda mikilvægt að draga þessa aðila með beinum hætti að málinu og kalia þá jafnframt til nokkurrar ábyrgðar um það hvernig til tekst í baráttunni fyrir auknu jafnrétti á vinnumarkaði.

Sú sýn sem birtist í áætluninni hvað varðar hlutverk og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á jafnréttislögunum síðast þegar verulega var dregið úr hlutverki og áhrifum Jafnréttisráðs, án þess að nokkuð annað kæmi í staðinn hvað varðar aðkomu aðila vinnumarkaðarins að málaflokkinum. Alþýðusambandið telur að þar hafi verið um afturför að ræða.

Þá má gagnrýna þær ályktanir sem dregnar eru í áætluninni um árangur í jafnréttisátt þegar kemur að launamuninum á vinnumarkaði. Þar er m.a. verið að vinna gagnrýnislaust með hugmyndina um „skýrðan“ og „óskýrðan“ launamun kynjanna. En rökstyðja má að mikill hluti af hinum „skýrða“ launamun sé einnig kynbundinn og tengist með beinum og óbeinum hætti kynskiptingunni á vinnumarkaði, ólíku vinnuframlagi kynjanna á heimilinu og við barnauppleði og hefðbundnum kynjahlutverkum. Ljóst er að taka verður á þessum þáttum með samræmdum hætti ef nást á raunverulegt jafnrétti kynjanna.

Hvað er til ráða?


Um leið til Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á mikilvægi þess að fram fari umræða um árangur af þeirri aðferðafræði og framsetningu sem jafnréttisáætlunin byggir á og dregnir lærdómar til framtíðar, vill ASÍ benda á að styrkja mætti áætlunina með því að nýta betur þau verkfæri sem þekkt eru úr jafnréttisstarfinu og umbótastarfi almennt. Hér má nefna nokkra þætti:

1. Aukin áhersla á samstarf og sameiginleg ábyrgð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins varðandi þann þátt jafnréttismála sem snýr að vinnumarkaðinum og samþættingu atvinnuþátttöku og einkalífs.
2. Efla rannsóknir í kynjafræðum og setja fram áætlanir um það með hvaða hætti megi fylgja niðurstöðum þeirra eftir í framkvæmd til aukins jafnréttis.
3. Auka kynningu og efla eftirfylgni með því að fyrirtæki uppfylli lagaskyldur sínar varðandi gerð jafnréttisáætlana og að þeim sé síðan hrint í framkvæmd. Hér skiptir einnig miklu að kynna fyrir fyrirtækjum þá jákvæðu reynslu sem víða hefur fengist af markvissi jafnréttisstarfi í fyrirtækjum, bæði fyrir afkomu þeirra og samfélagslega ímynd.
4. Gera áætlun um sérstakt og samræmt kynningar- og vitundaráttak í samfélaginu um jafnréttismál, þar sem fengnir verði til samstarfs allir þeir aðila sem málið varðar. Reynslan af öðrum sviðum og úr jafnréttisstarfi hefur sýn að slíkt áttak getur skilað miklum árangri bæði til skemmi og

lengri tíma. Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til að taka virkan þátt í slíku starfi.

Fjölmarga aðra þætti mætti tína til en hér verður látið staðar numið að sinni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Halldór Grönvold', written in a cursive style.

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 130/2387
komudagur 7.5.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2004

Efni: Umsögn BSRB um þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.

Föstudaginn 23. apríl fékk BSRB í hendur til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál og var óskað eftir umsögn bandalagsins mánudaginn 26. apríl. Því miður hefur ekki gefist með svo skömmum fyrirvara að gera ítarlega úttekt á þessu mikilvæga þingmáli.

Þegar á heildina er litið tekur BSRB undir þingsályktunartillöguna þótt þar megi efalaust margt bæta. Í jafnréttisáætluninni er gerð tilraun til þess að setja framkvæmdir og úrbætur inn í ákveðinn tímaramma og er það vinnuáðferð sem æskilegt væri að fylgja. Í áætluninni er vísað til stöðu kvenna innan BSRB og má í því sambandi nefna fyrirheit um að bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar og er þetta í samræmi við stefnu bandalagsins, að leitast skuli við að jafna stöðu kynjanna.

BSRB fagnar því að úttekt skuli gerð á launamyndun og kynbundnum launamun hjá starfsmönnum ríkisins, en vekur jafnframt athygli á að fyrirheit hafa verið um að slík rannsókn yrði gerð allar götur síðan 1997. Þau fyrirheit hafa hinsvegar aldrei verið efnd. Þá vekja samtökin athygli á að ekki nægir að kanna stöðuna í þessum efnum heldur þurfa sammingsaðilar einnig að ræða markvissar leiðir til úrbóta.

BSRB telur mikilvægt að samtök á vinnumarkaði eigi greiða aðkomu að umræðu um jafnréttismál og eru samtökin reiðubúin til umræðu um það efni.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'.
Svanhildur Halldórsdóttir

Stefán Árni Auðólfsson nefndarritari,
nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 13. maí 2004

Efni: Umsögn Feministafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál 130. löggjafarþings 2003-2004.

Almennt

Feministafélag Íslands lýsir ánægju sinni með útkomu jafnréttisáætlunar ríkisstjórnarinnar. Áætlun þessi er um margt góð en í meðfylgjandi umsögn félagsins verður bent á þau atriði sem við teljum að betur mættu fara.

Þegar litið er á áætlunina í heild virðist megináherslan vera lögð á að kanna, skoða og gera úttekt á stöðu kynjanna á fjölmörgum sviðum. Það er hins vegar ljóst að töluverð þekking á stöðu kynjanna liggur fyrir. Við leggjum því til að í þeim málaflokkum þar sem vitað er um slaka stöðu annars kynsins verði gripið til aðgerða í stað frekari nefndaskipana. Til að ná árangri í jafnréttismálum þarf að verja fjármunum til að fylgja eftir þeim rannsóknum og könnunum sem liggja fyrir, t.a.m. könnun um viðhorf til jafnréttis á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum og könnun um efnahagsleg völd kvenna frá 2003.

Við leggjum einnig til að meiri áhersla verði lögð á samvinnu við frjáls félagasamtök á sviðinu. Í því sambandi vekur athygli að á aðeins einum stað í áætluninni er minnst á samstarf við frjáls félagasamtök en það er í kaflanum *Karlar til ábyrgðar*.

Við fögnum þeirri áherslu sem lögð er á fræðslu í áætluninni en teljum jafnframt að betur þurfi að skilgreina hvernig fræðslan á að fara fram og tryggja fjármuni í þau verkefni.

A. Verkefni allra ráðuneyta

1. *Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnnum*

Við teljum einnig þurfi að koma í framkvæmd áætlun um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum hjá ríkinu. Það er ekki nóg að jafna kynjahlutfallið í nefndum, ráðum og stjórnnum.

3. *Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta.*

Á meðan við fögnum áherslu á kennslu á þessu sviði finnst okkur vera brýn þörf á fræðslu til breiðari hóps en stjórnenda og starfsmanna ráðuneyta. Við leggjum til að ríkisstjórnin, alþingismenn og aðilar sem starfa í dómskerfinu fái einnig fræðslu um jafnréttismál.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

9. *Mansal*

Við furðum okkur á því að ekki skuli vera metnaðarfullri áætlun til að sporna gegn mansali og meiri fjármunum veitt í verkefnið.

Tillögur:

Við leggjum til að gerð verði rannsókn á því hvort að mismunur sé á dómum í kynferðisbrotamálum eftir kyni dómara.

Einnig að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að dómar vegna kynferðisbrota fymist ekki.

Við leggjum einnig til að mótuð verði stefna um hvernig berjast skuli gegn vændi og klámi og að lögð verði áhersla á að lögum um klám verði framfylgt.

Við leggjum til að fé verði varið í forvarnir á þessu sviði og lögð áhersla á að fræða þá sem að málinu koma (s.s. lögreglu og dómara) um tengsl á milli vændis og mansals.

Við leggjum til að gerð verið ný rannsókn á umfangi heimilisofbeldis og lögum til varnar konum og börnum verði breytt. Í þessu sambandi má benda á sænsk lög um „Kvinnofrid“ og áætlun sænskra yfirvalda um að segja ofbeldi gegn konum stríð á hendur

D. Félagsmálaráðuneyti

Klám- og kynlífsvæðing almennarýmisins er verulegt áhyggjuefni á okkar tímum. Íslendingar eru með formennsku í Norðurlandaráði nú og eru aðilar að samnorrenni rannsókn sem nú hefur verið sett í gang.¹ Við sjáum þess engan stað í framkvæmdaáætluninni sem hér liggur fyrir. Við leggjum til að núverandi ríkisstjórn taki afstöðu til þessa málaflokks og marki stefnu í honum.

Við leggjum einnig til að lög um kynferðislega áreitni verði útvíkkuð þannig að þau eigi ekki einvörðungu við um vinnustaði og skóla heldur geti fólk leitað réttar síns vegna áreitni í sameiginlegu almennarými, t.d. vegna auglýsinga sem ekki er hægt að verja sig gegn.

¹ Sjá heimasíðu Félagsmálaráðuneytisins: Vaxandi klámvæðing áhyggjuefni 21/11/2003

Vaxandi klámvæðing í samfélaginu var meðal annars til umfjöllunar á fundi norrænna jafnréttisráðherra í Stokkhólmi miðvikudaginn 19. nóvember síðastliðinn. Ákveðið var að setja á laggirnar sameiginlegt rannsóknarverkefni þar sem fjallað verður um klámvæðinguna frá kynjasjónarhorni. Ráðherrarnir ræddu einnig hvernig stemma mætti stígu við mansali og hafa um það samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland.

Við leggjum til að gerð verði könnun á tengslum á milli klámneyslu og viðhorfa til kvenna.

17 – 19. *Launamunur*

Þrátt fyrir yfirlýst markmið um að útrýma kynbundnum launamun er hvergi að finna beinar aðgerðir til að uppræta launamuninn. Öll áhersla er lögð á kannanir og upplýsingaöflun í stað beinna aðgerða.

Við leggjum til ríkisstjórnin beiti sér í því að gera launakerfi ríkisins gegnsætt. Rannsóknir sýna fram á að kynbundinn launamunur þrífst í launakerfum þar sem launaleynd er viðtekin.

F. Hagstofa Íslands

Hagstofu Íslands verði skylt að kyngreina allar tölulegar upplýsingar og tekið verði tillit til stöðu karla og kvenna í öllum rannsóknum/úttektum þar sem því verður við komið.

G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Tillaga: Við viljum leggja ríka áherslu á að rekstrargrundvöllur Neyðarmóttöku gegn nauðgunum verði tryggður. Það er brýnt er að viðhalda þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Neyðarmóttakan hefur verið fyrirmynd móttaka erlendis og hefur verið flokkuð sem ein af sjö bestu Neyðarmóttökum í heiminum. Fyrirsjáanlegt er að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur áhrif á gæði og starfsemi Neyðarmóttökunnar og hvetjum við ráðuneytið til að endurskoða þau mál og standa vörð um þann árangur sem áunnist hefur.

Við leggjum til að gerð verði úttekt á áhrifum niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á þátttöku og laun kvenna á atvinnumarkaði. Hætta er á því að þegar umönnun sjúklinga færist meira inn á heimilin lendi ábyrgði að mestum hluta á konum. Það getur haft mikil áhrif á stöðu kvenna á atvinnumarkaðnum.

28. *Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.*

Hér leggjum við til að athugaðar verði félagslegar forsendur, s.s. tengsl á milli kynferðisofbeldis, fíkniefnaneyslu og vændis.

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

30. *Konur og stjórnun fyrirtækja*

Í áætluninni kemur fram að konur eru einungis 5% stjórnarmanna í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands. Þetta hlutfall er nú komið niður í 2,3%.

Vinnumarkaðurinn

Tillaga: Mikilvægt er að atvinnurekendur fái fræðslu um jafnréttismál. Könnun á viðhorfum til jafnréttis á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum frá 2003 leiddi í ljós að mikilvægt er að atvinnurekendur fái fræðslu þar sem hún ýtir undir jákvæð viðhorf til jafnréttismála.

J. Menntamálaráðuneyti

33 – 34 *Fræðsla um jafnréttisnám í kennaranámi og jafnréttiskennsla í skólum.*

Hér finnst okkur vanta aðgerðir. Það er ljóst að lítið er um jafnréttisnám í kennaranámi og að kennslu er ábatavant í grunnskólum. Við leggjum til að sett verði á aðgerðarplan um gerð námsefnis fyrir bæði kennaranema og nemendur á öðrum skólastigum og að jafnréttisnámskeið verði hluti af kjarna kennaranáms. Námsefnið þyrfti að taka á þáttum eins og sögu kvennabaráttunnar og stöðu kynjanna í gegnum tíðina, staðalímyndum, ofbeldi og stöðu jafnréttismála. Mikilvægt er að leggja áherslu á kennslu fyrir væntanlega kennara því þekking skiptir máli í jafnréttismálum og ekki hægt að ætlast til þess að kennarar kenni málaflokk sem þeir hafa ekkert lært um sérstaklega.

Að lokum

Femínistafélag Íslands vill aftur leggja áherslu á að margt gott er um áætlunina að segja, einkum ef henni fylgdu framkvæmda- og tímaáætlanir og fjármagn. Við vonum að tillit verði tekið til athugasemda okkar og lýsum okkur fúsar til samstarfs við ríkisstjórn og ráðuneyti um öll góð verkefni.

F.h. Femínistafélags Íslands:

Katrín Anna Guðmundsdóttir
Gunnhildur Kristjánsdóttir
Hildur Fjóra Antonsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/2410
komudagur 11.5. 2004



Alþingi Íslendinga
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150

Reykjavík, 10. maí 2004

Tilvísun: FEL04040043/021-32-1; 0004/ÞGP/--

Umsögn um þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873 mál.

Fjölskylduráð fagnar framkominni jafnréttisáætlun og telur að áætlunin sé vel unnin og til þess fallin að hægt sé að fylgja eftir þeim áföngum sem þar eru settir fram. Vísað er til meginhugmynda verkefna allra ráðuneyta þar sem fram kemur, að jafnréttissjónarmið verði höfð í huga við ráðningar: „þegar um sé að ræða starfsstétt eða vettvang, þar sem annað kynið er í miklum meirihluta er sjálfsagt að taka fram að, karlar jafnt sem konur séu hvattar til að sækja um, með það kynið framar sem í minnihluta“.

Fjölskylduráð telur mjög mikilvægt að það sem fram kemur í aðgerðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að frá árinu 1996 hafi markvisst verið unnið að því að fjölga konum innan lögreglunnar. Þá hefur einnig verið unnið að því að hvetja konur til að sækja um lausar yfirmannsstöður innan lögreglunnar.

Fjölskylduráð fagnar þessum áherslum í jafnréttismálum og bendir á að ráðuneytið skoði jafnframt önnur svið þar sem konur eru í minnihluta s.s. við veitingu embætta hjá héraðsdómstólum og hjá hæstarétti þar sem eðlilegt er að sjónarmið kvenna jafnt sem karla njóti jafnræðis.

F.h. Fjölskylduráðs

Dr. Sigrísdóttir

/

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2163
komudagur 27. 4. 2004

27. apríl 2004

Með vísan til þess að Jafnréttisstofa vann að gerð þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ár telur hún ekki þörf á að senda inn frekari umsögn. Stofan er reiðubúin að svara fyrirspurnum félagsmálanefndar um þingsályktunartillöguna.

Silja Bára Ómarsdóttir
Verkefnisstjóri
Jafnréttisstofa
Hvannavöllum 14
600 Akureyri

Alþingi
Erindi nr. 170/2355
komudagur 30/5/2004



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Alþingi
Hjálmar Árnason
formaður félagsmálanefndar
v Austurvöll

Reykjavík, 6. maí 2004
Tilvísun: LAN04050033/084

Varðandi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, þá fer landbúnaðarráðuneytið þess á leit við Félagsmálanefnd Alþingis að tekið verði inn í þingsályktunartillöguna þskj. 1331 - 873. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004 þau verkefni, sem landbúnaðarráðuneytið hefur ákveðið að vinna að í framtíðinni er varða jafnréttismál.

Verkefnin, sem um ræðir eru:

(Setjist inn í verkefni ráðuneyta lið I Landbúnaðarráðuneyti. bls. 7)

1. Lifandi landbúnaður - Gullið heima.
2. Könnun á ákvæðum um eignaraðild kvenna og karla í landbúnaði og réttindi og skyldur henni samfara.

(Setjist inn á bls. 15 undir liðnum I Landbúnaðarráðuneyti.

1. Meginhugmynd: Ráðuneytið hefur ákveðið að hrinda þessu verkefni af stað fyrir atbeina kvenna í landbúnaði, sem vilja láta gott af sér leiða.

Markmið: Grasrótargreyfing, sem hefur það að markmiði, að fræða og styðja konur í bændastétt, sem hafa hug á því að koma á framfæri nýjum hugmyndum til eflingar atvinnu í sveitum.

Ábyrgð: Landbúnaðarráðuneytið ásamt stuðningi frá Félagsmálaráðuneyti og Iðnaðar og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun 2004 - 2006

Áætlaður kostnaður á ári u.þ. b. 800 þúsund.

2. Meginhugmynd: Ráðuneytið mun vinna að því, að kanna réttindi og skyldur karla og kvenna í landbúnaði með tilliti til þess hvort gera þurfi tillögur til breytinga.


Markmið: Gerðar verði tillögur til úrbóta, þar sem þess gerist þörf með því markmiði að jafna hlut karla og kvenna.

Ábyrgð: Landbúnaðarráðuneytið.

Tímaáætlun: 2004 - 2005

F.h.r.

Guðrún Jónsdóttir



*Alþingi
Erindi nr. P/30/2/25
komudagur 23.4.2004*


Til nefndarsviðs Alþingis – Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2004

Landssambandi eldri borgara var í dag að berast í pósti beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum, 873. mál.

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur enga möguleika til að koma saman fyrir þessi tímamörk og verður því ekki hægt að senda efnislega umsögn um þetta mál.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson



Alþingi
Erindi nr. P 130/2553
komudagur 5.5.2004

Nefndasviði, 5. maí 2004.

Félagsmálanefnd Alþingis,
hr. Hjálmar Árnason formaður.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að þótt einstök ráðuneyti verði ábyrg fyrir framkvæmd tiltekinna verkefna samkvæmt áætluninni eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag ákvað meiri hlutinn því að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

F.h. meiri hluta menntamálanefndar Alþingis

Sigrún Brynja Einarsson
nefndarritari

MENNTAMÁLANEFND

Alþingi
Erindi nr. 130/2452
komudagur 14. 5. 2004

Félagsmálanefnd Alþingis,
Hjálmar Árnason formaður

Athugasemdir við kafla fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins í tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismál og hefur minni hlutinn skoðað þá kafla áætlunarinnar sem snúa að fjármála- og viðskiptaráðuneyti.

Fjármála- og viðskiptaráðuneyti

Minni hlutinn telur afar brýnt að bæði ráðuneytin setji sér það markmið að í lok ársins 2005 verði hlutfall hvors kyns um sig í nefndum, stjórnnum og ráðum ekki minna en 40%. Ástæða er í því sambandi til að benda á að frá árinu 2001 hefur hlutur kvenna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis minnkað úr 25% í 20%, en hlutur fjármálaráðuneytisins jókst á sama tímabili úr 23% í 30%. Minni hlutinn telur einnig brýnt að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna fylgist markvisst með því að allar undirstofnanir ráðuneytanna setji fram jafnréttisáætlanir með skýrt skilgreindum markmiðum til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Fjármálaráðuneytið

Minni hlutinn telur að leggja verði mikla áherslu á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og fjármálaráðherra að sjá til þess að ákvæði jafnréttislaga séu virt í kjarasamningum og ráðningarsamningum starfsfólks þannig að jafnræði ríki í launamálum kynjann, m.a. með því að bifreiðastyrkir, duldar greiðslur og fríðindi renni jafnt til kvenna og karla. Í því sambandi er lögð áhersla á að fjármálaráðherra láti fara fram úttekt á launakjörum kynjanna, þ.m.t. bilastyrkjum og hvers konar duldum greiðslum og fríðindum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga. Jafnframt er lögð áhersla á að í úttekt sem fram á að fara á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna til að unnt sé að meta kynbundinn launamun, þá verði slíkt úttekt unnin í samráði við samtök opinberra starfsmanna. Brýnt er einnig að fjármálaráðherra hafi hliðsjón af áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum við fjárlagagerðina

Ástæða er til að leggja áherslu á að í þeirri úttekt á almannatryggingakerfinu sem fram á að fara samkvæmt áætlun í jafnréttismálum næstu fjögur árin verði það metið hvort lífeyrir og bætur karla og kvenna sem að uppistöðu hafa framfærslu sína frá almannatryggingakerfinu hafa dregist aftur úr kjörum karla og kvenna í tekjulægstu hópunum á vinnumarkaðnum. Jafnframt skal í úttektinni leita skýringa á því ef fjölgað hefur marktækt meira í öðrum hvorum kynjahópnum, sem hafa fengið lífeyri eða bætur hjá almannatryggingum á undanförunum árum.

Viðskiptaráðuneytið

Minni hlutinn fagnar því að að móta eigi tillögur um það hvernig fjölga megi konum í forustu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða sé til að beita stjórnvaldsáðgerðum í því skyni. Hvetur

minni hlutinn til þess að Alþingi verði kynnt niðurstaða fyrri áfanga starfsins, sem ljúka á fyrir árslok 2004, áður en ráðist verður í seinni áfanga sem á að ljúka á á árunum 2005-2006.

Minni hlutinn fagnar einnig þeim verkefnum sem unnin hafa verið til að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Brýnt er í því skyni að auka fjárstuðning við frumkvöðlastarf, auk þess að styrkja Lánatryggingasjóð kvenna.

Minni hlutinn leggur til að Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum verði í samráði við Félag kvenna í atvinnurekstri falið að gera rannsókn á því hvaða árangri þau verkefni hafa skilað sem hafa verið unnin á undanförunum árum til að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Er þar m.a. vísað til verkefna sem unnið hefur verið að í því skyni í síðustu jafnréttisáætlunum. Þannig fæst heildaryfirsýn yfir hvort markmið og leiðir hafi skilað tilætluðum árangri og hvort ástæða sé til að endurmeta vinnubrögð eða leiðir til að ná sem bestum árangri til að fjölga konum í atvinnurekstri. Sérstaklega verði gerð úttekt á töðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins (styrkjum, lánsfé og hltaubréf) og mótaðar tillögur á grundvelli hennar til styrktar atvinnu kvenna. Með þessu er aukið vægi sett á eftirfylgni og samþættingu rannsókna á sviði jafnréttismála

Loks leggur minni hlutinn til að ekki verði einungis hugað að stöðu kvenna í atvinnurekstri, heldur verði markvisst stefnt að því að auka starfs- og endurmenntun kvenna á vinnumarkaði, ekki síst ófaglærðra, til að þær geti tekist á við verkefni og störf í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaðnum.

Brýnt er einnig að huga sérstaklega að kennslu í jafnréttisfræðum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Gunnar Örn Örlygsson er áheymarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd er hann samþykkur álitum þessu.

Reykjavík, 8. maí 2004

Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.
Ögmundur Jónasson.
Einar Már Sigurðarson.



Alþingi
Erindi nr. P 130/2352
komudagur 5.5.2004

Nefndasviði, 5. maí 2004.

Félagsmálanefnd Alþingis,
hr. Hjálmar Árnason formaður.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun i jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Minni hluti menntamálanefndar telur full efni til að nefndin fjalli um þingsályktunarillögu um áætlun i jafnréttismálum til fjögurra ára á þskj. 1331, 873. mál, eins og félagsmálanefnd hefur óskað eftir. Þar sem það er lögbundið hlutverk allra ráðuneyta að gera tillögu til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáform i jafnréttismálum, er ekki nema eðlilegt að nefndir þingsins komi að því að skoða þau framkvæmdaáform sem heyra undir viðkomandi nefnd eins og gerð er grein fyrir þeim i tillögunni.

Það er mat minni hlutans að almennt vanti forgangsröðun i einstaka kafla tillögunnar, en slíkt er forsenda fyrir því að háleit markmið hennar náist. Kaflinn um menntamálaráðuneytið hefur, að mati minni hlutans, að geyma afar spennandi áform, sem öll eiga það skilið að fá framgang. Sérstaklega er ástæða til að fagna þeirri áherslu á jafnréttisfræðslu sem kemur þar fram. Hins vegar saknar minni hlutinn þess að kynjarannsóknir skuli þar hvergi nefndar. Slíkt er sýnu alvarlegra i ljósi þess að 1. gr. laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 96/2000, gerir sérstaklega ráð fyrir að efla þurfi rannsóknir i þeim fræðum.

Varðandi einstök verkefni þá telur minni hlutinn að i skilgreiningu verkefnisins „Konur i visindum“ (32) skorti mikið á að litið sé nægilega vítt yfir sviðið. Þar virðist eiga að leggja höfuðáherslu á konur sem starfa að rannsóknum hjá fyrirtækjum en ekki er getið um konur sem sinna vísindastarfi innan háskólasamfélagsins. Það er afar brýnt að menntamálaráðuneytið standi fyrir öflugum rannsóknum á sviði menntamála út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og þyrftu slík verkefni að vera tilgreind i áætluninni. Slíkt á einnig við um jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar (36), þar þyrfti að gera ráð fyrir rannsóknarþættinum og einnig ætti að kanna möguleikann á að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga við það að jafnréttissjónarmiða sé gætt innan félaganna við útteilingu fjáris.

Varðandi verkefnið „Styrkir til jafnréttisfræðslu...“ (35) er rétt að vekja athygli á því að ekki er gert ráð fyrir öllum skólastigum þar sem háskólastigið vantar. Minni hlutinn telur að ráða þurfi bót á þessu. Þá gagnrýnir minni hlutinn verkefnið „Konur og fjölmiðlar“ (37) þar sem ráðast á i könnun um þátttöku kvenna i fjölmiðlum. Það verður að telja óþarft að framkvæma enn eina könnunina, réttara væri að hefja strax markvissar aðgerðir til að auka hlut kvenna i fjölmiðlum á grundvelli þeirra kannana og rannsókna sem þegar liggja fyrir um þessi mál.

MENNTAMÁLANEFND



Að lokum vill minni hlutinn gagnrýna að í áætluninni skuli ekki getið fjölda skýrslna, rannsókna og kannana um jafnréttismál, sem liggja fyrir og ættu að vera mikilvæg undirstaða fyrir það starf sem áætlað er að fari fram á næstu fjórum árum. Oft vill það gleymast hversu mikill efniviður er til um jafnréttismál en það verður til þess að stöðugt er frestað markvissum aðgerðum til úrbóta. Okkur er fullkunnugt um það hvert ástandið er, nú er tími aðgerða - markvissra aðgerða sem framkvæma þarf á grundvelli þeirra rannsókna, kannana og skýrslna sem liggja fyrir.

f.h. minni hluta menntamálanefndar
(KolH, ÞjörgvS, KJúl, MÁ)

Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari

MENNTAMÁLANEFND



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P /30/2268
komudagur 30.4.2004

Reykjavík, 26. apríl 2004

Félagsmálanefnd Alþingis

Meðfylgjandi er umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK) um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.

Virðingarfyllst,

Stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum

Dagný Kristjánsdóttir prófessor í heimspekideild, formaður

Linda Rafnsdóttir lektor í félagsvísindadeild,
Magnfríður Júlíusdóttir lektor í raunvísindadeild,
Ólöf Ásta Ólafsdóttir lektor í hjúkrunarfræðideild,
Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands,
Rannveig Traustadóttir dósent í félagsvísindadeild,
Valur Ingimundarson dósent í heimspekideild,
Þorgerður Einarsdóttir lektor í félagsvísindadeild.

Einnig:

Berglind Rós Magnúsdóttir staðgengill jafnréttisfulltrúa
Erla Hulda Halldórsdóttir sérfræðingur hjá RIKK
Kristín Ástgeirsdóttir verkefnisstjóri hjá RIKK



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 26. apríl 2004

Félagsmálanefnd Alþingis

Umsögn

**Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK)
um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára,
873. mál.**

Almenn umsögn:

RIKK fagnar nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en minnir jafnframt á að tryggja þarf efndir, eftirfylgni og fjármagn. Mikill misbrestur hefur verið á því að verkefni fyrri framkvæmdaáætlana hafi náð fram að ganga. Þetta kemur skýrt fram í nýrri skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002-2004.¹ Jafnframt má minna á að í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um jafnrétti við opinbera stefnumótun er hið opinbera gagnrýnt fyrir „misræmi milli háleitra og mikilvægra markmiða annars vegar og hins vegar þess að forsendur séu tryggðar til að framkvæma það sem áætlað er með raunhæfu fjármagni.“²

Jafnframt minnir RIKK á að Íslendingar hafa með alþjóðasáttmálum skuldbundið sig til þess að vinna að jafnrétti kynjanna. Má þar nefna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, Yfirlýsingu um afnám ofbeldis gagnvart konum, Peking-áætlunina

¹ Sjá: <http://www.althingi.is/alttext/130/s/1332.html>

² *Jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Nefndarálit* (Reykjavík, 2002), bls. 13.

og samþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, nr. 100 og nr. 111 um réttindi kvenna á vinnumarkaði.³ Þetta þýðir að grípa þarf til marvissra aðgerða.

Þá telur RIKK rétt að undirstrika mikilvægi rannsókna fyrir jafnréttisstarf hvers konar, enda er kveðið á um það í 1. gr. jafnréttislaga frá 2000 að meðal þess sem gera þurfi til þess að ná fram markmiði laganna sé að efla rannsóknir í kynjafræðum. Jafnframt segir í 19. grein: „Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir, sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.“⁴

Af þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum má ráða að lítil tenging sé við þær úttektir sem þegar hafa farið fram á vegum hins opinbera eða rannsóknir fræðimanna. Þannig ber áætlunin þess lítil merki að niðurstöður opinberra nefnda, rannsóknir og þekkingaröflun, séu nýttar til þess að móta aðgerðaáætlanir. Hér er einkum átt við skýrslu nefndar um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun (2002), skýrslu nefndar um konur og fjölmiðla (2001), skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna (2004), skýrsla nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum (2003) og *Konur í vísindum á Íslandi* (2002). Jafnframt má nefna nýja viðhorfskönnun um jafnréttismál sem unnin var á vegum RIKK í samstarfi við nefnd um efnahagsleg völd kvenna og forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisstofu og IMG-Gallup, auk þess sem verkefnið naut fjárstuðnings fleiri aðila. Þessar skýrslur, úttektir og rannsóknir gætu verið mikilvæg undirstaða markviss jafnréttisstarfs ef þær væru nýttar til að byggja á þeim áætlanir sem síðan væru framkvæmdar.

Stjórn RIKK hvetur til þess að unnið sé markvisst að því að koma kynjasjónarmiðum inn í alla stefnumótun í atvinnuálagum, en þess sér lítil merki í áætluninni. Þá er ljóst að hið opinbera þarf að vinna markvisst að samræmingu einka- og atvinnulífs en varla þarf að minna á nýlegar fréttir þess efnis að á Íslandi er lengsti vinnutími í Evrópu.

RIKK fagnar þeirri áherslu á jafnréttisfræðslu, sem sjá má í áætluninni. Grundvöllur þess að árangur náist í samþættingu jafnréttismála er þekking á jafnréttismálum á öllum stigum stjórnsýslu. Af því leiðir að eigi fræðsla að skila árangri þarf hún að ná til allra. Þá bendir RIKK á að innan félagasamtaka og í

³ Hægt er að sjá alla þessa samninga, að Peking-áætluninni undanskilinni, í litlu hefti sem gefið var út af utanríkisráðuneytinu árið 1995 undir heitinu *Mannréttindi kvenna. – Pekingáætlunin á Íslandi: útdráttur úr framkvæmdaáætlun ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna*, Peking 4.-15. september 1995. Þýð: Jónína Margrét Guðnadóttir. Umsjón með útgáfu Sigríður Lillý Baldursdóttir. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 1998

⁴ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000

fræðasamfélaginu er mikil sérfræðiþekking til staðar, sem hið opinbera getur nýtt sér við fræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna. Víða í Evrópu er einmitt vaxandi áhersla á samvinnu og samtal fræðimanna á sviði jafnréttis- og kynjafræða, frjálsra félagasamtaka (kvennasamtaka) og embættismanna (þeirra sem móta hina opinberu stefnu/policy makers). RIKK tekur þátt í evrópsku netverki á þessu sviði, þar sem unnið er að því að byggja brýr milli þessara hópa.

Umsögn um einstaka liði þingsályktunarinnar (umsögn er aðeins um þá liði sem RIKK telur ástæðu til að gera athugasemd við eða koma með ábendingar um):

I. Verkefni ríkisstjórnar

- 1 *Samþætting jafnréttissjónarmiða:* Í tengslum við þennan lið vekur RIKK athygli á fremur yfirborðslegri skilgreiningu á hugtakinu „samþætting“ (bls. 4). Fjölmargar ríkisstjórnir og yfirþjóðlegar stofnanir hafa tekið upp hugmyndafræði samþættingar og hafa skilgreiningarnar verið jafn mismunandi og þær eru margar. Einn helsti sérfræðingur Evrópu í samþættingu jafnréttismála, dr. Teresa Rees, prófessor við Cardiff háskóla í Wales, og fleiri sem hafa rannsakað samþættingu, hafa skilgreint hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt svo samþætting verði árangursrík:
 - a) samþætting þarf að vera árangurstengd, t.d. að hafa hlutlæg viðmið eins og töluleg gildi og tímasetningar og til þess þarf hún kyngreinda tölfræði,
 - b) pólitískur vilji og skuldbindingar þurfa að vera til staðar,
 - c) kynjavitund og velvilji innan kerfisins,
 - d) sérfræðiþekking og þjálfun,
 - e) eftirfylgni og eftirlit,
 - f) stuðning og hollusta yfirmanna,
 - g) fjármagn og úrræði.⁵

- 3 *Jafnrétti á vinnumarkaði:* RIKK telur ástæðu til þess að skoða betur kynjaskiptingu á vinnumarkaði og að grípa þurfi til markvissra aðgerða til þess að brjóta upp hefðbundna kynjaskiptingu vinnumarkaðarins, þ.e. vinna gegn

⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án feminisma – pólitík án fræða?“ *Ritið* 2/2002. – Lilja Mósesdóttir, *Evaluating Gender Equality in the Icelandic Labour Market*. Working Paper. Reykjavík University, 2001. – Teresa Rees, *Mainstreaming Equality in the European Union. Education, Training and Labour Market Policies*. London, New York: Routledge 1998, bls. 34-40.

kynbundnu starfsvali sem jafnframt þýðir að vinna þarf gegn kynbundnu námsvali á öllum skólastigum. Þá dregur RIKK í efa réttmæti þess að halda á lofti tölum um 7,5-11% launamun kynjanna, en þessar tölur hafa verið harðlega gagnrýndar af fræðimönnum á þeim forsendum að notaðar séu óhæfar „skýringar“ á launamun kynjanna.⁶ Þá er rétt að benda á að skv. niðurstöðum áðurnefndrar viðhorfskönnunar RIKK og fleiri aðila þurfa vinnuveitendur mjög á jafnréttisfræðslu að halda. Fram kemur að 83% atvinnurekenda voru mjög sammála því að jafnrétti væri til staðar á vinnustað þeirra en aðeins 48% launþega reyndust sömu skoðunar. Af þessu er ljóst að beina þarf sjónum að fræðslu til vinnuveitenda og stjórnenda.

- 4 *Jafnréttisáætlanir ráðuneyta:* Hér er minnt á að nauðsynlegt er tilgreina nánar hvernig á að ná markmiðum og hvernig eftirfylgni verður háttáð. Ekki er nóg að setja saman reglur eða leiðbeiningar um hvernig hlutirnir eiga að vera ef þeim er ekki fylgt eftir.
- 5 *Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna:* RIKK fagnar því að hlutverk jafnréttisfulltrúa verði skilgreind, en mikill misbrestur hefur verið á því að starfssvið jafnréttisfulltrúa ráðuneytana hafi verið skýrt eða að þeir fái nauðsynlegt svigrúm til að sinna starfi sínu. Brynt er að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi.

II

A. verkefni allra ráðuneyta

- 1 *Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnnum:* Þetta verkefni hefur verið á dagskrá mjög lengi og sætir furðu að ekki skuli ganga betur en raun ber vitni, ekki síst hjá hinu opinbera. RIKK telur að ekki sé tekið á þessum málum af nógu mikilli einurð. Benda má á að í 20. grein jafnréttislaga, sem þó er ætlað að hvetja til þess að jafna hlut kynjanna í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, eru tveir stílfraðilegir úrdrættir, sem draga úr vægi greinarinnar. Þar

⁶ Kristjana Stella Blöndal og Þorgerður Einarsdóttir, „Kynbundinn launamunur. Umræðan um skýrðan og óútskýrðan launamun kynja í gagnrýnu ljósi.“ *Fléttur 2. Rit Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum* [Væntanlegt 2004]. Einnig fyrirlestur sem Kristjana Stella og Þorgerður héldu á vegum RIKK 30. janúar 2003: „Hvað segja launakannanir um kynbundinn launamun? Umræðan um skýrðan og óskýrðan launamun í gagnrýnu ljósi.“

segir: „Í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.“ [Leturbreyting RIKK]. Hins vegar er athyglisvert að við skipan í Jafnréttisráð skulu tilnefningaraðilar „tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.“ (8. gr.) Misræmið milli 8. og 20. greina er augljóst. Kynjahlutfallið í Jafnréttisráði skal vera sem jafnast meðan „þar sem því verður við komið“ dugar fyrir aðrar nefndir. Það er mat RIKK að taka þurfi mun afdráttarlausar til orða en gert er. Það dugar ekki að „hafa í huga“ eða „sem jafnast“ án þess að um leið sé gripið til sérstakra aðgerða til þess að draga fram og benda á þann mikla fjölda hæfra kvenna sem er til staðar í samfélaginu. Í því sambandi má benda á verkefni RIKK og fl. aðila, sem m.a. naut fjárstuðnings sumra ráðuneytanna, www.kvennaslodir.is, sem ætlað er að vekja athygli á og auðvelda hinu opinbera, fjölmiðlum og fyrirtækjum að finna konur með sérfræðipækkingu til þess að sitja í stjórnnum, ráðum og nefndum. Verkefnið hefur yfirleitt fengið jákvæðar viðtökur þótt fjárskortur standi nú frekari þróun og kynningu þess fyrir þrifum.

2 *Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna*

3 *Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.*

4 *Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.*

5 *Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.*

Varðandi verkefni 2–5 minnir RIKK á nauðsyn eftirfylgni, sbr. það sem segir í almenntri umsögn. Ekki er nóg að setja saman nefndir, biðja um skýrslur og búa til áætlanir.

6 *Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.*

7 *Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.*

Varðandi verkefni 6–7 bendir RIKK á að allar fyrirliggjandi upplýsingar sýna að mjög hallar á konur þegar kemur að stjórnunarstöðum á vegum hins opinbera, sjá t.d. skýrslu nefndar um jafnrétti við opinbera stefnumótun frá 2002.

Nauðsynlegt er að hið opinbera setji sér skýrari reglur um forgangs röðun og markmið eigi árangur að nást.

B. Forsætisráðuneyti

- 8 *Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu:* Stjórn RIKK fagnar gerð gátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu. RIKK saknar hins vegar verkefnis forsætisráðuneytis um upplýsingasamfélagið, sem fjallað var um í síðustu framkvæmdaáætlun og rætt er um í nýrri skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar 2002-2004. Fram kemur að skipuð var nefnd til að skoða þessi mál: „Niðurstaða nefndarinnar var að hin stafræna gjá væri ekki á milli kynjanna, heldur á milli kynslóða. Helsti kynjamunurinn er fólgin í því að karlar sækja frekar en konur í nám sem tengist upplýsingasamfélaginu.“ Skv. skýrslunni átti menntamálaráðuneytið að sjá um aðgerðir til að hvetja stúlkur til að sækja meira inn á námsbrautir sem tengjast þessu efni. Þetta mikilvæga atriði, þ.e. að jafna námsval kynja (hvort sem er í upplýsingatækni, raungreinum eða hjúkrun og kennslu) er hvergi að finna hjá menntamálaráðuneytinu. Því má segja að ekki sé verið að fylgja eftir niðurstöðum þessarar skýrslu. Eitt verkefna félagsmálaráðuneytisins lýtur að því að finna „aðferð“ til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Stjórn RIKK telur að þarna sé námsval kynjanna mikilvægur þáttur, eins og komið var inn á hér að ofan, sem skoða þurfi frekar. Jafnframt má minna á að meðal þess sem rætt er um í skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna fyrr á þessu ári er nauðsyn þess að vinna á markvissan hátt gegn kynbundnu námsvali og kynbundnum vinnumarkaði.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

- 9 *Mansal:* Stjórn RIKK telur brýna þörf á að skilgreina kynlífsþrælkun og mansal. Þá undrast RIKK þá lágu fjárhæð sem setja á í málflokkinn, jafnframt vantar aðgerðaáætlun til þess að taka á þessum málum innanlands. Þá bendir stjórn RIKK á að mjög brýnt er að gera nýja heildarúttekt á ofbeldi gegn konum almennt, umfangi o.sfrv. Jafnframt að bæta þurfi löggjöfina í þessu efni. Þá bendir RIKK á nauðsyn þess að hið opinbera starfi með kvennasamtökum, sem starfa á þessu sviði, að úrlausn þessara mála.
- 11 *Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar:* RIKK fagnar því að áfram eigi að fjölga konum innan lögreglunnar en árangurinn hefur ekki verið sem skyldi til þessa.

D. Félagsmálaráðuneyti

- 14 *Fæðingarorlof og atvinnulíf*: Nauðsynlegt er að kanna hvernig tóku fæðingarorlofs er háttað en um það eru ónógar upplýsingar fyrirbyggjandi. Kanna þarf hvort foreldrar taka orlofið á sama tíma, t.d. strax eftir fæðingu eða hvort karlmaðurinn tekur sinn hluta t.d. eftir sjötta mánuð og er þá einn heima með barnið og sinnir öllum þörfum þess. Reynsla Norðmanna af fæðingarorlofi karla hefur sýnt að það er grundvallaratriði í því að karlar taki ábyrgð á barni og heimili, að þeir séu einir heima með barnið í fæðingarorlofi.
- 15 *Jafnrétti í vinnumiðlun*: RIKK fagnar þessu verkefni en bendir á að nauðsynlegt er að huga sérstaklega að aðstæðum kvenna af erlendum uppruna. Gera þarf sérstaka rannsókn á því hvaða vinnu þær sinna, hverjar vinnuaðstæður þeirra eru og hvort þær fá nauðsynlega fræðslu um réttindi sín og skyldur.

E. Fjármálaráðuneyti

- 19 *Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna*: RIKK telur mjög brýnt að hrinda þessari úttekt í framkvæmd og minnir á að þessu var lofað af ríkinu í kjarasamningum árið 1997.
- 20 *Úttekt á almannatrygginakerfinu*: Hér erum mjög mikilvægt verkefni að ræða þar sem nauðsynlegt er að byggja á innlendum og alþjóðlegum rannsóknum.

G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

- 22 *Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna*
- 23 *Heilsufarskönnun*
- 24 *Notkun kynjanna á heilsugæsluþjónustu*
- 25 *Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar*
- 26 *Fedrafræðsla fyrir verðandi feður*
- 27 *Áhættu hegðun karla*
- 28 *Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu*
- 29 *Jafnrétti og lýðheilsa*

RIKK fagnar verkefnum 22–29, sem bæði eru þörf og metnaðarfull, en bendir á að huga þarf sérstaklega að áhrifum niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á konur. Í væntanlegri grein Kristínar Björnsdóttur dósents og Sigríðar Þorgeirsdóttur

dósents í heimspeki, sem birtast mun síðar á þessu ári kemur fram að aðstandendur sjúkra og aldraðra inna af hendi mikla vinnu og fá oft litla sem enga hjálp frá hinu opinbera sem sendir sjúka sífellt fyrr heim vegna að pláss vantar fyrir aldraða og sjúka á sjúkrastofnunum.⁷ Það er staðreynd að ólaunuð vinna ættingja við umönnun sjúkra og aldraðra er í höndum kvenna. Skoða þarf umfang þessarar vinnu, kortleggja hana og meta áhrif hennar á líf kvenna.

Jafnframt bendir RIKK á að ástæða er til að kanna hvort munur sé á þeirri meðferð sem karlar annars vegar og konur hins vegar fá inni á sjúkrastofnunum, jafnt heilsugæslu sem sjúkrahúsum.

Fjölmörg önnur verkefni mætti nefna sem unnt er að taka með í ofangreindum verkefnum, s.s. rannsóknir á velferðarkerfinu almennt, uppbyggingu þess og þróun, hugmyndafræðina sem liggur að baki velferðarkerfinu, stefnumótun hins opinbera í vaxandi sjúkdómsvæðingu heilbrigðra kvenna (þá er átt við þegar eðlilegt ástand er gert að sjúkdómi og konum gefin lyf við því, s.s. hormónameðferð kvenna), inngrip í líkama (lýtalækningar í fegrunarskyni; brjóstastækkanir, fitusog og þess háttar).

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

- 30 *Konur og stjórnun fyrirtækja:* Stjórn RIKK telur þetta verkefni til fyrirmyndar. Markmiðin eru skýr, einnig ábyrgð á framkvæmd, þátttakendur og tímaáætlun. Þá er gert ráð fyrir að árangur verði mældur. RIKK beinir þó þeim tilmælum til ráðuneytisins að það hlutist til um að skýrar verði kveðið á um það í lögum og reglugerðum að fyrirtæki á almennum markaði taki tillit til jafnréttissjónarmiða. Í því sambandi má benda á að norsk stjórnvöld hafa uppi áform um að setja lög sem kveða á um að 40% stjórnarmanna almenningshlutafélaga skuli vera konur, verði því hlutfalli ekki náð í árslok 2005.
- 31 *Konur í atvinnurekstri:* Óljóst er hvað við er átt í þessum lið. Talin eru upp ýmis þörf verkefni sem eiga það sameiginlegt að leitst við að efla og hvetja konur í atvinnurekstri. Þó undrast RIKK að Félag kvenna í atvinnurekstri sé talið meðal verkefna af þessu tagi og telur að betur þurfi að skýra hvert hlutverk félagsins sé á verkefnalista ráðuneytisins.

⁷ Kristín Björnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Hversu mikið er leggjandi á aðstandendur?“ *Fléttur* 2. Rit Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum [Væntanlegt 2004].

I. Landbúnaðarráðuneytið

Stjórn RIKK lýsir yfir furðu sinni á því að landbúnaðarráðuneytið skuli ekki hafa önnur verkefni á sinni könnu en þau sem sameiginleg eru öllum ráðuneytum. Mikil umræða hefur verið um íslenskan landbúnað undanfarin ár og áratugi og stöðu bænda, ekki síst bændakvenna, en réttindi þeirra voru um langt skeið fyrir borð borin (s.s. lífeyrisréttindi). Í síðustu áætlun (2002-2004) eru nefnd þrjú sérverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytisins sem ekki hefur verið hrundið í framkvæmd nema að takmörkuðu leyti, ef nokkru. Skilja má á skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar 2002-2004 að áfram verði starfað að þessum verkefnum og að undirbúningur að framkvæmd þeirra sé hafin. Það skýtur því skökku við að hvorki sjáist haus né sporður af þessum þörfu verkefnum í þeirri áætlun sem vinna á samkvæmt 2004-2008.

J. Menntamálaráðuneytið

32 *Konur í vísindum*: RIKK fagnar því að skýrslu um *Konur í vísindum á Íslandi* eigi að fylgja eftir. Þessi mál eru mjög ofarlega í jafnréttisumræðu á Norðurlöndunum enda hefur þar verið ráðist í viðamiklar rannsóknir á stöðu kvenna í vísinda- og háskólasamfélagi og kannaðar þær hindranir, bæði sýnilegar og ósýnilegar, sem verða á vegi þeirra. Á grundvelli þessara rannsókna hefur verið gripið til markvissra aðgerða til þess að rétta hlut kvenna í háskóla- og vísindasamfélagi. Hins vegar virðist ljóst af því sem segir í þessum lið áætlunarinnar að sjónum verði fyrst og fremst beint að konum í rannsóknum hjá fyrirtækjum. RIKK telur aftur á móti nauðsynlegt að jafnréttismál á háskólastigi séu tekin til skoðunar en það virðist hvorki á dagskrá undir þessum lið né þeim sem á eftir koma (nema varðandi menntun kennaranema í Kennarháskóla Íslands). Áðurnefndar erlendar rannsóknir (ekki síst norrænar) og þær fáu rannsóknir sem hafa farið fram héraðis hafa leitt í ljós að háskóla- og vísindasamfélagið er jafn næmt fyrir þeim breytum sem hafa áhrif á stöðu kvenna og karla og samfélagið almennt. Þannig reka konur í háskóla- og vísindasamfélagi sig á hindrandir og „glerþök“, rétt eins og konur annars staðar í samfélaginu. Þá vekur stjórn RIKK athygli á því að fjölmiðlar og ráðamenn taka oft en ekki, án minnstu gagnrýni, upp þá orðræðu að konur séu að taka yfir framhaldsskólastigið og körlum fari fækkandi á háskólastigi. Í þessu sambandi

er rétt að benda á að rannsóknir hafa sýnt að meðalaldur kvenna í t.d. Háskóla Íslands er mun hærra en karla, þær koma seinna inn í námið og eru eldri þegar þær útskrifast. Miklu fleiri konur en karlar yfir þrítugu eru í námi við HÍ. Taka þarf tillit til þessa þegar rætt er um fjölda kvenna- og karla í námi, þ.e. að uppsöfnuð menntaþörf kvenna hefur áhrif á fjölda þeirra. Jafnframt er ljóst að brottfall nemenda af framhaldsskólastigi er vandamál og hafa rannsóknir sýnt að þar eru strákar í meirihluta. RIKK telur því afar brýnt að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir viðamiklum rannsóknum á sviði menntamála, út frá kynjafræðilegu sjónarhorni, og er æskilegt að slík verkefni væru bundin í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

- 33 *Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi*: RIKK telur að hér sé um brýnt verkefni að ræða þar sem ljóst er að jafnréttisfræðslu í skólakerfni almennt er mjög ábótavant. Benda má á rannsóknir Guðnýjar Guðbjörnsdóttur prófessors við Háskóla Íslands og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar prófessors við Háskólanna á Akureyri í þessu sambandi.
- 34 *Jafnréttiskennsla í skólum*: Jafnréttiskennsla í skólakerfinu almennt er handahófskennd og í molum. Af þeim sökum er þetta verkefni mjög brýnt og nátengt lið 33 um kennaramenntun, en RIKK bendir á að inn í þessa umræðu og fræðslu þurfi að taka inn þá menningarbundnu þætti sem hafa áhrif á kynin, sbr. rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttir MA í menntunar- og uppeldisfræði.⁸ RIKK fagnar þeim vilja sem hér kemur fram til að mennta kennara til að kenna jafnréttishugsun og lýsir jafnframt eftir samsvarandi samræmdum aðgerðum á öllum skólastigum frá grunnskóla til háskólastigs.
- 35 *Styrkir til jafnréttisfræðslu úr Þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla*: Þetta verkefni þyrfti að ná til alls skólakerfisins, þ.e. ekki undanskilja háskólastigið enda er brýn þörf á markvissu jafnréttisstarfi og fræðslu þar eins og annars staðar í skólakerfinu.

⁸ Berglind Rós Magnúsdóttir, *Orðræður um kyngerfi, völd og virðingu í unglingsáttum*. Meistaraprófsritgerð í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands 2003. – Sjá einnig í *Morgunblaðinu* 29. apríl 2004.

- 36 *Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar*: RIKK fagnar því að vinna eigi að jafnréttismálum innan íþróttahreyfingarinnar og hvetur til rannsókna á þessu sviði, sem, eins og áður er getið, eru undirstaða markvissra aðgerða til úrbóta. Þá bendir RIKK á möguleikann á að skilyrða fjárveitingar til íþróttahreyfinga, þ.e. gerð sé grein fyrir því hvernig styrkir séu nýttir og hvort jafnréttis sé gætt í úthlutun til beggja kynja og allra aldurshópa.
- 37 *Konur og fjölmiðlar*: RIKK minnir á að í skýrslu nefndar um konur og fjölmiðla frá 2001 kom fram að hlutur kvenna í fjölmiðlum var mjög rýr og lagði nefndin fram tillögur til úrbóta og aðgerða. Ekki verður séð að gripið hafi verið til aðgerða á grundvelli þeirra tillagna. Rannsókn Þorgerðar Þorvaldsdóttur kynja- og sagnfræðings og RIKK á jafnréttisorðræðu í aðdraganda Alþingiskosninganna 2003 gefur vísbendingar um að hlutur kvenna í ákveðnum dægurmála- og spjallþáttum, þar sem pólitísk mál eru gjarnan til umræðu, sé mun rýrari en karla. RIKK telur því mun brýnna að ráðist sé nú þegar í markvissar aðgerðir til þess að fjölga konum í fjölmiðlum en ráðast í eina könnunina enn, þótt það sé góðra gjalda verð. Þá minnir RIKK á að ríkið á áhrifamesta fjölmiðil landsins – Ríkisútvarpið – þar sem ríkisvaldið er í góðri aðstöðu til að koma á fullkomnu jafnrétti og gæti þannig orðið öðrum fjölmiðlum fyrirmynd.

Almennt um aðgerðir á vegum menntamálaráðuneytis:

Stjórn RIKK saknar þess að sjá ekkert minnst á jafnréttismál innan lista- og menningarmála. Þar má nefna þátttöku kvenna í ráðum, nefndum og stjórnnum, fjárveitingar til sýninga og verkefna út frá jafnréttissjónarmiði, stöðu kvenna innan leikhúsanna og kvikmyndariðnaðarins, svo nokkuð sé nefnt.

K. Samgönguráðuneyti

Í síðustu framkvæmdaáætlun var gert ráð fyrir að á vegum samgönguráðuneytisins yrði ráðist í úttekt á framlagi kvenna til ferðaþjónustu. Í skýrslu félagsmálaráðherra kemur fram að ekki var unnið að þessu verkefni. RIKK lýsir yfir furðu sinni á að ekkert hafi verið gert, ekki síst í ljósi mikillar umræðu um atvinnumál á landsbyggðinni og aðgerðum til stuðnings konum sem vilja byggja upp smærri fyrirtæki/atvinnurekstur. RIKK telur brýnt að

samgönguráðuneytið vinnu að samþættingu jafnréttissjónarmiða enda hafa þau mál sem heyra undir ráðuneytið alla jafna tilheyrt körlum og eru innan kynjafræða talin afar karllæg.

L. Sjávarútvegsráðuneyti

- 38 *Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.*
39 *Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.*

RIKK fagnar þessum verkefnum sjávarútvegsráðuneytisins en minnir á að ráðuneytið þarf að gera verulegt átak í að fjölga konum í nefndum og ráðum.

M. Umhverfissráðuneyti

Um umhverfissráðuneytið gildir hið sama og landbúnaðar- og félagsmálaráðuneyti. Það vekur undrun að engin sértæk verkefni skuli vera á könnu ráðuneytisins – en þau er heldur ekki að finna í fyrir áætlun.

Umhverfismálin eru þó svið sem mjög hefur tengst kynjafræðirannsóknum, en konur hafa löngum verið taldar ákafari talsmenn umhverfisverndar en karlmenn.

N. Utanríkisráðuneyti

- 41 *Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað:* RIKK er mjög fylgjandi alþjóðlegu jafnréttisstarfi af hálfu utanríkisráðuneytisins en stjórnin hnaut um orðalag markmiðslýsingar: „Að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.“ Að sjálfsögðu er það markmið að innleiða jafnréttissjónarmið gott og gilt en þess verður að gæta að vinna að þessum markmiðum í nánú samstarfi við heimamenn, ekki síst kvennahreyfingar viðkomandi landa. RIKK telur að líta eigi á þetta starf sem aðstoð eða nýtingu sérfræðipækkingar við uppbyggingu stjórnkerfis. Varast ber að beita þrýstingi þegar leitast er við að samþætta norður-evrópsk sjónarmið öðrum menningarheimum. Lykilatriði í því að árangur náist er gott og náið samstarf við kvennasamtök þannig að sú hugmyndafræði sem innleiða á falli sem best að þeirri menningu sem er til staðar.

Almennt vegna utanríkisráðuneytis: Stjórn RIKK minnir á að konur bera skarðan hlut frá borði í utanríkisþjónustinni. Aðeins ein kona er sendiherra og vill stjórn RIKK minna á að nú þegar starfa innan utanríkisþjónustunnar og víðar hjá hinu opinbera afar hæfar konur sem myndu sóma sér vel í starfi sendiherra.

Samantekt

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK) hefur aðeins haft fáeina daga til að gera athugasemdir við þá jafnréttisáætlun sem hér liggur fyrir. RIKK hefur í framansögðu dregið á nokkur af þeim atriðum sem stjórn stofunnar telur rétt að gagnrýna eða gera athugasemd við. Þó er rétt að geta þess að margt er vel vert í áætluninni. Rauður þráður í áliti okkar er krafa um auknar grunnrannsóknir á öllum sviðum jafnréttismála eins og jafnréttislög gera ráð fyrir. Þær kannanir sem til eru virðast heldur ekki nýttar eða þeim fylgt eftir sem vert væri. Annar rauður þráður eru spurningar um efndir loforða og framkvæmdir áætlana frá síðustu áætlun.

RIKK vill að lokum óska ríkisstjórninni góðs og farsæls gengis í framkvæmd jafnréttismála og lýsir sig viljuga til samstarfs um það sem við teljum betur mega fara.



Alþingi
Erindi nr. P 130/2536
komudagur 28.5.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2004

Sam 200/2004 PS/sp
Tilv.: 052

Efni: Tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 20. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um jafnréttisáætlun til fjögurra ára, 873. mál.

Stjórnin mælir með samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

SA/hs

Rvk. 27. apríl 2004

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.

Jafnrétti kynja er eitt af stefnumálum Samtaka atvinnulífsins, sbr. rit samtakanna, Áherslur atvinnulífsins, frá árinu 2001. Staðreyndin er að ekkert fyrirtæki hefur hag af því að mismuna starfsfólki sínu. Að velja ekki þann hæfasta eru stjórnunarhættir sem skila ekki árangri á samkeppnismarkaði. Samtök atvinnulífsins leggja einnig áherslu á að konur og karlar njóti jafnra launa en í því felst að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun feli ekki í sér kynjamismun, sbr. 14. gr. jafnréttis laga. Samtökin telja að það sé best fallið til árangurs að byggja jákvæða og virka jafnréttisumræðu á ofangreindum sjónarmiðum.

Launaákvæðanir endurspeгла starf, ábyrgð, vinnuframlag og hæfni viðkomandi starfsmanns auk þess sem markaðsaðstæður geta haft áhrif. Það er því mikil einföldun að launamunur þrátt fyrir sambærilegan námstíma sé einhlítt merki um kynbundna mismun. Í kafla um jafnrétti á vinnumarkaði er að finna ummæli þess efnis að uppræta verði launakerfi þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi séu notuð til að bæta lág laun sem samið er um í kjarasamningum. Vegna þessa er nauðsynlegt að benda á þá staðreynd að launamyndun í fyrirtækjum á sér stað á markaði. Störf eru margþætt og ólík auk þess sem aðstæður í fyrirtækjum eru mismunandi. Flest allir kjarasamningar sem Samtök atvinnulífsins eru aðilar að ákveða lágmarkskjör. Það er eðli þessara samninga. Um það er ekki ágreiningur milli samningsaðila. Það liggur jafnframt í hlutarins eðli að gæta skal jafnréttissjónarmiða við launaákvæðanir og gerð ráðningarsamninga.

Samtök atvinnulífsins telja jafnframt að stuðla þurfi að jafnara starfsvali kvenna og karla. Starfaskipting á vinnumarkaði er enn mjög kynbundin, sem endurspeglast í launamun milli kynja.

Að mati Samtaka atvinnulífsins verður einnig að horfa til annarra þátta en þeirra sem varða vinnustaðinn, svo sem dagvistunar og skólatíma barna. Þótt margt hafi áunnist, meðal annars fyrir tilstilli nýju fæðingarorlofslaganna, er staðreynd að konur bera almennt meiri ábyrgð á heimilum og fjölskyldum en karlar þótt það sé sem betur fer að breytast. Það er því lykilatriði að stuðla enn frekar að jöfnun á heimilis- og fjölskylduábyrgð kynjanna. Dæmi um samfélagsþætti, sem bitna verr á konum en körlum eru vertrarfrí og óskipulagðir starfsdagur í skólum. Vetrarfrisdagur í skólum eru nýjung sem tekin var



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

upp án nokkurs samráðs við atvinnulífið og bitnar því miður í meira mæli á stöðu kvenna en karla á vinnumarkaði. Aukið tillit skólakerfisins til útvinnandi foreldra leiðir að mati Samtaka atvinnulífsins til jafnari stöðu á vinnumarkaði og þar með minni launamunar kynjanna. Um þessi atriði er ekki fjallað í áætluninni.

Samtök atvinnulífsins telja jafnframt ástæðu til að minna á að samkvæmt könnun Jafnréttisráðs og nefndar um efnahagsleg völd kvenna, þar sem keyrðar voru saman launatölur og ýmis hagstofugögn, er óútskýrður launaumunur um 7,5 til 11%. Þá er athyglisvert að samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar stafar þessi munur af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla. Í könnun sem Samtök atvinnulífsins gerðu kom einnig fram að konur sækjast síður eftir stjórnunarstöðum en karlar, sem og það mat forsvarsmanna fyrirtækja að konur væru bundnari en karlar af heimili og fjölskyldu. Leiðin til að sigrast á mældum launamun kynjanna og auka hlut þeirra í stjórnunarstöðum hlýtur að byggjast á því að horfast í augu við þann félagslega veruleika og gera ráðstafanir sem stuðla í reynd að jöfnum möguleikum kynjanna á vinnumarkaði og breyttu hugarfari. Á þann þátt hefði mátt leggja ríkari þátt í áætluninni.

Samtök atvinnulífsins telja umfjöllun um jafnrétti kynjanna jákvæða og taka undir mikilvægi þess að hafa jafnréttissjónarmið í huga við ákvarðanatöku.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 130/239/
komudagur 7.5.2004

Félagsmálanefnd
Hr. Hjálmar Árnason, formaður.

Reykjavík, 7. maí 2004.

Efni: Umsögn um 873. mál, tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.


Með bréfi dags. 4. maí 2004 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn utanríkis-
málanefndar um ofangreint þingmál og var þess óskað að svar bærst til nefndarinnar
eigi síðar en 7. maí.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar í dag og ákváðu nefndarmenn, að
fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frátöldum, að koma því á framfæri við
félagsmálanefnd að utanríkismálanefnd teldi málið fyrst og fremst vera á málefnasviði
félagsmálanefndar og að meiri hlutinn treysti því að hún fjallaði faglega og ítarlega um
málið. Að mati meiri hlutans getur utanríkismálanefnd ekki gefið efnislega umsögn,
nema rannsaka málið á sama hátt og félagsmálanefnd mun væntanlega gera.

Nefndarmenn í utanríkismálanefnd munu að sjálfsögðu taka þátt í umræðum um
málið í þingsal og lýsa afstöðu sinni þar, ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,

f.h. meiri hluta utanríkismálanefndar



Einar Farestveit
nefndarritari.

UTANRÍKISMÁLANEFND

Alþingi
Erindi nr. P/30/2347
komudagur 7.5.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Ágúst Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2004

Efni: Till. til þingsál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (873. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð telur að einhverjir þættir í áætlun jafnréttismála geti skilað árangri. Sem dæmi má nefna aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal. Um leið varar ráðið við of mikið af kostnaðarsömum verkefnum sem stuðla eiga að jafnrétti. Til að mynda kostar upplýsingasöfnun um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni um 15 milljónir króna á ári. Telur ráðið ekki nauðsynlegt að gera slíkar kannanir. Mikið vantar upp á gerð kostnaðaráætlana og telur Verslunarráð afar mikilvægt að kostnaður liggi fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is